





Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði í Krossanesi

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til samræmis við tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins í Krossanesi. Í breytingunni felst lenging hafnarkants og þar með lítils háttar stækkun svæðis 1.15.1 H og landfyllingar á sama svæði.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðisins í Krossanesi er gert ráð fyrir lengingu syðri viðlegukants um 120 m til suðvesturs. Megintilgangur með stækkun viðlegukantsins er að bæta aðstöðu fyrir stór skip. Um 16.000 brúttótonna olíuskip hafa lagst að bryggju í Krossanesi en með breytingunni verður unnt að taka á móti flutingaskipum af þeirri stærð en þau þurfa annars konar hafnaraðstöðu en olíuskipin. Hlutverk hafnarinnar hefur breyst mikið eftir að Krossanesverksmiðjan var lögð niður og í stað hennar reist aflþynnuverksmiðja. Miðað er við að breyting á viðlegukanti hafi minni háttar áhrif á starfsemi og umsvif á hafnarsvæðinu þar sem fyrst og fremst er gefinn kostur á viðlegu stórra skipa án umfangsmikillar lestunar eða uppskipunar.

Áhrifamat

Breyting þessi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrulegt umhverfi né menningarminjar. Um er að ræða viðlegukant, viðbót við þegar byggt mannvirki, þar sem ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli hafnarstarfsemi, og er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á umferð eða umsvifum á skipulagssvæðinu. Breytingin styður megin stefnu Akureyrarbæjar um samgöngur.

Áætlað efnismagn í stækkun fyllingar og viðlegukant er um 15.000 m³. Efnid verður fengið úr grjótnámunni í Krossanesi, sem er um 500 m vestan hafnarsvæðisins. Grjótnáman er í eigu Akureyrarbæjar og hefur tilskilin rekstrarleyfi.

Í breytingunni felast minni háttar breytingar á útfærslu mannvirkja, sem þegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Ekki er um að ræða nein ný mannvirki eða starfsemi, sem breytir umhverfisáhrifum hafnarsvæðisins frá því sem þegar er gert ráð fyrir í gildandi skipulagsáætlunum.

Breytingar á greinargerð

Kafli 4.8 Hafnarsvæði

Svæði 1.15.1 H: Flatarmál verður 14,5 ha í stað 14,0 ha.

Breytingin gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar.

Kafli 4.25 Landfyllingar

Svæði 1.15.1 H: Flatarmál verður 3,7 ha í stað 3,2 ha.

Breytingin gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar.

Breyting á skipulagsuppdrætti

Svæði 1.15.1 H: Syðri hafnarkantur lengdur til suðurs um 120 m og stærð landfyllingar breytt til samræmis. Minni háttar leiðréttingar eru einnig gerðar á afmörkun landnotkunarreitsins til samræmis við framkvæmdir og afmörkun lóða í gildandi deiliskipulagi. Leiðréttingarnar snerta hvorki meginatriði skipulagsins né stefnu en fela í sér lítils háttar stækkun hafnarsvæðisins.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____

_____ bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann _____

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 ÞÉTTBÝLISUPPDRATTUR



Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

BREYTING
Hafnarsvæði í Krossanesi.

Mælikvarði 1:10.000

Dags. 28. okt. 2009



KAUFMANA VITUNARVERÐ
GILFRIÐUR GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fal